

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um móttökudeildina Birtu

Á fundi borgarráðs, 26. janúar 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um móttökudeildina Birtu. Fyrir tæpum þremur árum var sett á laggirnar móttökudeild fyrir börn umsækjenda um alþjóðlega vernd. Um var að ræða skólaúrræðið Birtu sem var hugsað sem tilraunaverkefni til þriggja ára. Staðsetning var í Álftamýrarskóla en hefur nú flutt. Spurningar: Hver er staðan á deildinni nú? Er deildin búin að koma sér fyrir á nýjum stað? Hefur tekist að ráða í allar stöður? Hver er biðlistinn í hana og hvenær komast þau börn að sem nú bíða? Er Birta ekki lengur tilraunaverkefni? Loks er spurt, hver er stefna yfirvalda í málefnum hælisleitenda/innflytjenda sem snýr að menntun?

Svar:

Birta stoðdeild er skólaúrræði fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Birta stoðdeild er þriggja ára þróunarverkefni sem sett var á laggirnar haustið 2019. Árlega hefur skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar skilað minnisblaði til mennta- og barnamálaráðuneytisins um starfsemina. Verkefnið var ein af tillögum sem starfshópur um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarfi skilaði af sér vor haust 2018. Birta stoðdeild er fyrir börn í 3. – 10. bekk sem eru í umsóknarferli fyrir alþjóðlega vernd á Ísland. Markmið stoðdeildarinnar er að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir námslega og að námið í deildinni sé undirbúningur fyrir hefðbundna skólagöngu hér á landi eða annarsstaðar í heiminum.

Þróunarverkefninu lauk haustið 2022 og er verið að undirbúa úttekt á verkefninu. Mikilvægt er að rýna vinnuna sem í stoðdeildinni fór fram og draga lærdóm af þeirri reynslu sem þar fékkst. Ráðgert er að gera úttekt á skipulagi deildarinnar, meta kennsluhætti og hvort og þá hver árangurinn varð. Skoða hvort úrræði sem Birta er sé sú lausn sem henti til að mæta þörfum barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Hver er staðan á deildinni nú?

Deildin var flutt í Seljaskóla haustið 2022 og var nýtt starfsfólk ráðið til starfa á nýjum stað. Í deildinni eru nú 15 nemendur frá sjö þjóðlöndum.



Er deildin búin að koma sér fyrir á nýjum stað?

Deildin er í bráðabirgðahúsnæði í húsnæði frístundaheimilisins Vinasels. Vonir standa til um að fundin verði varanleg lausn á húsnæði fyrir næsta skólaár.

Hefur tekist að ráða í allar stöður?

Í tillögu starfshóps var gert ráð fyrir þremur stöðugildum kennara, einum deildarstjóra og einum stuðningsfulltrúa. Í haust var gert ráð fyrir tveimur stöðugildum kennara auk deildarstjóra og stuðningsfulltrúa. Ráðið hefur verið í allar stöður.

Hver er biðlistinn í hana og hvenær komast þau börn að sem nú bíða?

Þann 6. febrúar 2023 voru sex börn sem bíða eftir að komast í grunnskóla í Reykjavík á vegum Vinnumálastofnunnar og þrjú þeirra eru í innritunarferli í stoðdeildina Birtu, afgreiðsla hjá Vinnumálastofnun ríkisins hefur dregist og umsóknir frá þeim í Birtu ekki borist. Frá því að umsókn berst til deildarstjóra stoðdeildar Birtu er afgreiðslan yfirleitt um tveir til þrjú dagar þar til barnið hefur skólagöngu, jafnvel styttri en það veltur á tulkapjónustu. Sá tími er eðlilegur miðað við móttökufarli grunnskóla Reykjavíkur samkvæmt verkefninu Velkomin í hverfið þitt móttökuáætlun leik- og grunnskóla með aðkomu þjónustumiðstöðvar og frístundastarfs.

Er Birta ekki lengur tilraunaverkefni?

Stoðdeild Birtu var þriggja ára þróunarverkefni sem fékk samþykki í mennta- og barnamálaráðuneytinu. Á þeim tíma sem stoðdeild Birtu hefur verið starfrækt hafa um 130 börn farið í gegnum deildina. Verið er að skipuleggja úttekt á úrræðinu og mun sú úttekt verða notuð til að skipuleggja nám og kennslu barna sem sækja um alþjóðlega vernd.

Loks er spurt, hver er stefna yfirvalda í málefnum hælisleitenda/innflytjenda sem snýr að menntun?

Reykjavíkurborg horfir til Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna varðandi menntun allra barna. Þar segir í 28. AÐGANGUR AÐ MENNTUN: „Öll börn eiga rétt á menntun. Grunnmenntun á að vera ókeypis og öll börn eiga að hafa aðgang að framhaldsmenntun. Hvetja á börn til þess að mennta sig. Aldrei má beita barn ofbeldi eða niðurlægja það, svo sem vegna brota á skólareglum.“ <https://www.barnasattmali.is/> .

Menntastefna Reykjavíkurborgar horfir til allra barna. Þar segir: „Meginmarkmið stefnunnar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs“. Ennfremur segir um stefnuna: „Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og nógildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar. Uppeldi og menntun barna og unglinga er samfélagslegt verkefni og á sér stað bæði með formlegum og óformlegum hætti.“ <https://menntastefna.is/um-menntastefnu/>

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna á einnig við um börn sem eru í umsóknarferli um alþjóðlega vernd eða eru á flóttu <https://island.is/born>.

Öll börn sem óskað hafa eftir alþjóðlegri vernd eða hafa komið til borgarinnar sem flóttamenn hafa farið í skóla við fyrsta tækifæri þó kennitala sé ekki til staðar. Flest barnanna hafa hafið skólagöngu í Birtu og flutt í heimaskóla þegar þau hafa fengið stöðu flóttamanna. Fáein hafa farið beint í heimaskóla. Gott samstarf skrifstofu skóla- og frístundasviðs er við Alþjóðateymi á borgarmiðstöð Vestur. Alþjóðateymi Reykjavíkurborgar sinnir þjónustu við einstaklinga, börn og fjölskyldur af erlendum uppruna. Undir það heyrta tvö teymi; teymi umsækjenda um



alþjóðlega vernd og teymi samræmdrar móttöku flóttafólks, sem hvort um sig gegnir mikilvægu hlutverki við að leiðbeina og aðstoða einstaklinga sem hafa flúið hingað í leit að öryggi. Fyrri teymið veitir því fólki þjónustu sem er að bíða eftir að umsókn þess um alþjóðlega vernd verði afgreidd og að það hljóti réttarstöðu flóttafólks, eða stöðu eins og það er jafnan kallað, en síðara teymið veitir þeim sem komin eru með stöðu þjónustu. Einnig er mjög gott samstarf við Vinnumálastofnun vegna barna sem eru á þeirra vegum.

Úrræði skóla- og frístundasviðs vegna menntunar fyrir börn innflytjenda, þeirra sem óskað hafa eftir alþjóðlegri vernd eða eru á flóttu.

- *Velkomin í hverfið þitt*, móttökuáætlun leik- og grunnskóla með aðkomu þjónustumiðstöðvar og frístundastarfs.
- Stoðdeild Birtu fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd.
- Íslenskuver í alla borgarhluta fyrir börn í 5. – 10. bekk sem eru nýflutt til landsins.
- Skólaúrræði fyrir nemendur frá Úkraínu í tímabundnu húsnæði í Vesturbæjarskóla með menntaða kennara og stuðningsfulltrúa.
- Gjaldfrjáls frístund fyrstu þrjá mánuðina sem barn er á Íslandi.
- Miðja máls og læsis þar sem starfa kennsluráðgjafar með sérþekkingu í móttöku, aðlögun og kennslu í íslensku sem öðru máli. Mikill stuðningur er frá þeim við kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi.
- Brúarsmiðir sem tala arabísku og kúrdísku, pólsku, filippseyksku og úkraínsku vinna með skólum og styðja foreldra í aðlögun barna í skóla- og frístundastarf.
- Sænska matstækið tekið í notkun, það metur færni barns í námi. Námsmatið er lagt fyrir á móðurmáli barna með aðstoð tólks eða brúarsmiðs frá Miðju máls og læsis.
- Ýmis námskeið fyrir starfsfólk leik- og grunnskóla og frístundastarfs til þess að stuðla að markvissri kennslu íslensku sem annars máls og fjölmennningarlegum starfs- og kennsluháttum.